

## D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra föstudaginn 30. mars 2007 í máli

nr. S-270/2006:

### Ákærvaldið

*(Eypór Þorbergsson fulltrúi)*

### gegn

### X

*(Sigmundur Guðmundsson hdl.)*

### Y

*(Hilmar Baldursson hdl.)*

### Z og

*(Arnar Sigfússon hdl.)*

### Þ

*(Bjarni Lárusson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var þann 27. febrúar sl., er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákærum lögreglustjórans á Akureyri og ríkissaksóknara, á hendur X, Y, Z og Þ.

### I. Ákæra lögreglustjórans á Akureyri, útgefin 17. ágúst 2006.

Með ákærinni er höfðað mál á hendur ákærða X „fyrir líkamsárás aðfaranótt laugardagsins 11. mars 2006 með því að hafa ráðist á [A], er hún var við starf sitt sem leigubílstjóri, tekið hana hálstaki og slegið síðan endurtekið í höfuðið með þeim afleiðingum að eymsli voru á höfði að aftan og neðan við hægra eyrað og 2x2 cm glóðarauga myndaðist neðan við vinstri augnkrók.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

## II. Ákæra lögreglustjórans á Akureyri, útgefin 6. nóvember 2006.

Með ákæru þessari er höfðað mál á hendur ákærðu Y og X „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

A.

Líkamsárás.

Með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 18. febrúar 2006, í Nætursölunni við Strandgötu í miðbæ Akureyrar, ráðist báðir tveir að [B], og slegið hann ítrekað í höfuðið með þeim afleiðingum að hann hlaut talsverða blæðingu undir húð á enni vinstra megin, u.þ.b. 3x3 cm að stærð.

B.

Eignaspjöll.

Gegn [Y] með því að hafa skömmu áður sömu nótt, fyrir utan Nætursöluna á Akureyri, hrifsað gleraugu af [B], kuðlað þeim saman og eyðilagt.

Brot ákærðu samkvæmt A kafla ákærunnar varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981. Brot ákærða samkvæmt B kafla ákærunnar varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar.“

## III. Ákæra ríkissaksóknara, útgefin 6. desember 2006.

Með ákærunni höfðar ríkissaksóknari mál á hendur ákærðu X, Z og Y „fyrir eftirgreind brot fimmtudagsmorguninn 25. maí 2006 að Hafnarstræti ..., Akureyri:

A.

Gegn ákærðu X og Z fyrir eftirgreind brot framin um klukkan níu um morguninn:

1. Ákærðu báðum fyrir húsbrot með því að ryðjast í heimildarleysi inn í íbúð á 1. hæð hússins.
2. Ákærða X fyrir líkamsárás með því að slá húsráðanda [C], nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut brot í nefrót vinstra megin og tvö brot á kinnbeinsboga.

B.

Gegn ákærðu X, Z og Þ fyrir eftirtalin brot framin um klukkan tíu um morguninn:

3. Ákærðu öllum fyrir húsbrot með því að ákærði [X] sparkaði upp hurðinni að íbúð á 1. hæð hússins og ákærðu ruddust þar inn í heimildarleysi.
4. Ákærða [X] fyrir líkamsárás með því að slá [D], mörg hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut kinnbeinsbrot, brot í augntótt brot inn í kinnholu vinstra megin.
5. Ákærðu [X] og [Z] fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa í sameiningu veist að [E], ákærði [Z] slegið [E] í hnakka með hafnarboltakylfu svo að hann féll í gólfið og sparkað ítrekað í [E] liggjandi, með þeim afleiðingum að hann hlaut mar á brjóstkassa og framhandlegg, en ákærði [X] síðan klippt litla fingur vinstri handar [E] af við miðkjúku með greinaklippum.

Telst háttsemi ákærðu samkvæmt 1. og 3. lið ákæru varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 með áorðnum breytingum, háttsemi ákærða [X] samkvæmt 2. og 4. lið ákæru við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi ákærðu [Z] og [X] samkvæmt 5. lið ákæru við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

*Bótakröfur:*

Af hálfu [E] er krafist skaðabóta að fjárhæð 1.090.316 krónur, af hálfu [D] skaðabóta að fjárhæð 463.114 krónur og af hálfu [C] skaðabóta að fjárhæð 474.964 krónur, í öllum tilvikum auk dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 4. ágúst 2006.“

#### IV. Ákæra lögreglustjórans á Akureyri, útgefin 2. janúar 2007.

Með ákærunni er höfðað mál á hendur ákærða X „fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 28. ágúst 2005, slegið [F] í andlitið, með þeim afleiðingum að hann hlaut sár innanvert á miðri efri vör, eymsli í tannholdi í efri góm og vír losnaði sem hann var með aftan við framtennur í efri góm vegna tannréttinga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Af hálfu verjanda ákærða Y er krafist sýknu og til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa og að sakarkostnaður verði a.m.k. að hluta til greiddur úr ríkissjóði.

Skipaður verjandi ákærða X krefst sýknu af ákærum útgefnum 17. ágúst 2006, 6. nóvember 2006 og 2. janúar 2007 en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst vægustu refsingar sem lög leyfa vegna brota samkvæmt ákæru útgefnum 6. desember 2006. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

Skipaður verjandi ákærða Þ gerir aðallega kröfu um sýknu en til vara að ákærða verði ekki gerð sérstök refsing og til þrautavara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

Skipaður verjandi ákærða Z krefst sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Varðandi framkomna bótakröfu krefst hann frávisunar, til vara er krafist sýknu en til þrautavara að hún verði lækkuð verulega. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa og að þau verði að fullu greidd úr ríkissjóði.

## **I. Mál höfðað með ákæru lögreglustjórans á Akureyri, 17. ágúst 2006.**

### **1. Málavextir.**

Samkvæmt rannsóknargögnum leitaði brotþoli, A, leigubílstjóri, til lögreglunnar á Akureyri að kvöldi 10. mars 2006 vegna líkamsárásar. Kvað hún pilta, sem hún taldi heita G og X, hafa óskað þess að hún æki þeim að ... . Sá sem kallaður var X hafi verið bersýnilega ölvaður. Skömmu áður en þangað var komið hafi hún stöðvað bifreiðina. Hann hafi þá skyndilega tryllt og barið hana ítrekað í andlit. Félagi hans hafi þá dregið hann út úr bifreiðinni en hún farið beint á lögreglustöðina. Brotþoli hafði meðferðis síma G og komst að því að hann hétí G og væri til heimilis að ... . Skildi hún símann eftir hjá lögreglu. Lögregla taldi lýsingar brotþola á X svipa til ákærða X og bar hún kennsl á hann á myndum hjá lögreglu. Var brotþola bent á að leita til slysadeildar til að fá vottorð vegna sjáanlegra áverka á hægri eyra og kinn. Síðar um kvöldið ræddi lögregla við G sem lýsti atvikum á svipaðan hátt og brotþoli.

### **2. Framburður ákærða og vitna.**

Ákærði neitar sök hér fyrir dómi. Kveðst hann ekkert muna eftir þeim atburði sem lýst er í ákæru. Hann muni ekki eftir að hafa verið í leigubíl umrædda nótt og muni ekki eftir brotþola. Ákærði kveðst aðeins muna að hann týndi símanum sínum þessa nótt og hafa farið á lögreglustöðina næsta dag til að leita að honum. Þá hafi lögregla skýrt sér frá þeim atburði er í ákæru greinir en hann hafi ekkert kannast við þetta. Ákærði kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis og Mogadons þessa nótt en

Það sé ekki góð blanda. Hann muni ekkert nema að hann hafi komið heim á einum skó og búinn að týna bæði jakka sínum og síma.

Vitnið A kveðst hafa verið við akstur leigubifreiðar umrætt kvöld. Á leigubifreiðastöðinni, BSO, hafi tveir menn komið í bifreiðina og viljað fara í ... . Á leiðinni hafi þeir rætt saman en vitnið kveðst ekki hafa haft við þá samskipti. Mennirnir hafi svo ákveðið að fara fyrir út, þegar gjaldmælirinn stóð í 1.000 krónum. Farþeginn fram í, sem kallaður var G, hafi greitt fyrir ferðina og kveðst vitnið ekki hafa veitt farþeganum í aftursætinu athygli á þeim tímapunkti. Þegar G hafi verið búinn að greiða hafi farþeginn hallað sér fram á milli sætanna og spurt hvort ekki væri allt í lagi. Vitnið kveðst hafa sagt að svo væri, ferðin hefði verið greidd og hann mætti fara. Þá hafi farþeginn aftur spurt hvort það væri ekki allt í lagi og kveðst vitnið hafa endurtekið að hann mætti bara fara. Vitnið kveðst svo hafa snúið sér fram og teygt sig í mælinn til að slökkva á honum en þá skyndilega fengið högg við eyrað. Vitnið kveðst hafa verið smá stund að átta sig á hvað gerst hefði, hún hafi svo snúið sér við og maðurinn þá náð að slá hana tvisvar sinnum. Vitnið kveðst hafa náð að grípa í höndina á honum og G hafi rokið út og spurt manninn hvað hann væri eiginlega að gera. Hann hafi rífið upp hurðina aftur í og reynt að toga í manninn. Það hafi gengið sæmilega en maðurinn hafi þó náð að rífa sig lausan og slegið hana einu sinni aftur, vitnið kveður sig minna högginn hafi verið samtals þrjú eða fjögur. G hafi þá tekist að draga hann út úr bílnum og kveðst vitnið hafa ekið af stað með afturhurðina opna, beint niður á lögreglustöð til að gefa skýrslu. Vitnið kveðst ekki hafa þekkt manninn í aftursætinu, hvorki hafa séð hann fyrir þetta né talað við hann. Aðspurt kveðst vitnið þekkja hann í dómsalnum sem ákærða X, hún gleymi honum ekki eftir þetta. Aðspurt kveður vitnið ákærða hafa haldið sér hálstaki smá stund en hún hafi náð að rífa sig lausa. Hún hafi náð að losa öryggisbeltið og komist út úr bifreiðinni en um leið og G hafi náð að toga ákærða út úr bifreiðinni hafi hún stokkið inn í bifreiðina og ekið af stað. Aðspurt ber vitnið að henni hafi verið sýndar myndir á lögreglustöðinni og hún hafi þar þekkt manninn sem ákærða X. Hún kveðst ekki muna hvort henni voru sýndar ein eða fleiri myndir eða hvernig var staðið að því en hún sé þess fullviss að þetta hafi verið sá maður sem hún þekki í dómsalnum sem ákærða X.

Vitnið G kveðst hafa verið að skemmta sér með ákærða X. Þeir hafi tekið leigubifreið að heimili vitnisins við ... og kona hafi ekið. Aðspurt um hvort vitnið hafi séð ákærða X ráðast á bílstjóran kveðst vitnið hafa borgað fyrir aksturinn og farið út úr bifreiðinni og kveikt sér í sigarettu. Hann hafi svo heyrt að ákærði var eitthvað að rífast við bílstjóran og kveðst vitnið þá hafa togað ákærða út úr bifreiðinni. Konan hafi þá ekið í burtu. Vitnið kveðst ekki vita hvort hún ók af stað með hurðina opna. Vitnið kveðst ekki hafa séð ákærða taka bílstjóran hálstaki og slá hana. Vitnið kveðst ekki muna eftir því að hafa talað við lögreglumann síðar um nóttina. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa séð áverka á bílstjóranum þetta kvöld.

Vitnið H lögreglumaður kveður A hafa komið á lögreglustöðina umrætt kvöld og sagst hafa orðið fyrir líkamsárás. Hún hafi fengið í bifreið sína menn sem voru kallaðir E og X. Þeir hafi komið inn í bifreiðina í miðbænum og ætlað í Teigahverfi en áður en þangað kom hafi hún stöðvað bifreiðina því henni hafi fundist sá sem kallaður var D líklegur til að kasta upp. E hafi verið sátgur við að fara út, hann hafi greitt fyrir aksturinn og farið út úr bifreiðinni. Hinn hafi þá skyndilega orðið eitthvað æstur, án sýnilegrar ástæðu, og slegið hana í andlitið. E hafi þá komið að og dregið hann út. Vitnið kveður A hafa komið með farsíma á

lögreglustöðina sem E hafði gleymt í bifreiðinni. Sá sími hafi reynst vera í eigu E. Vitnið kveður lýsingu á árársarmanninum hafa átt við ákærða X. Svo hafi hist á að það hafi verið rólegt í vinnunni og þeir hafi verið að skoða heimasíðuna Sjallinn.is áður en A kom. Þar sem þá grunaði að lýsing A á „X“ ætti við ákærða X hafi þeir sýnt henni myndir af honum á síðunni. Hún hafi kannast við hann á tveimur myndum en fleira fólk hafi verið á myndunum. Vitnið kveðst síðar um kvöldið hafa rætt við E vegna annars máls, líklega vegna múgæsingar fyrir utan Kaffi Akureyri. Hann hafi þá spurt hann um þetta mál og E kannast við að hafa verið í leigubifreiðinni með ákærða X. Hann hafi sagt að þeir hafi ætlað heim til E en leigubílstjórinn hafi áður stöðvað bifreiðina áður en þangað var komið og viljað að þeir færu út. E hafi sagt sér að hann hefði greitt fyrir aksturinn og farið út úr bifreiðinni. Þá hafi E sagt sér að hann hefði séð að ákærði X hafi „snappað“ eins hann hafi orðað það. Hann hafi komið nokkrum höggum á öikumanninn. E hafi sagt sér að hann hefði hlaupið til, líklega hinum megin við bifreiðina, og dregið ákærða út. Hafi ákærði strax róast og ekki gefið skýringar á háttsemi sinni og hafi hann ekki virst muna eftir því að hafa ráðist á bílstjóran.

### 3. Niðurstaða.

Ákærði hefur neitað sök en kvaðst ekkert muna eftir umræddu kvöldi. Aðspurður um hvort hann hafi slegið A ítrekað í andlitið kvaðst hann ekki muna eftir því vegna vímuáhrifa.

Vitnið A bar að mennirnir hefðu verið kallaðir X og E. Sími sem gleymdist í bifreið vitnisins reyndist vera í eigu vitnisins E. Vitnið E kannaðist við það fyrir dóminum að hann og ákærði X hefðu umrætt kvöld farið með leigubíl áleiðis að heimili vitnisins og farið úr bifreiðinni áður en þangað var komið. Hann kannaðist einnig við að ákærði X hefði rifist við öikumanninn. Vitnið A kannaðist við ákærða X á myndum hjá lögreglu. Þá bar hún kennsl á ákærða í dómsalnum við aðalmeðferð málsins. Þykir að framanskráðu virtu ekki ástæða til að vefengja að farþeginn í aftursæti bifreiðar vitnisins A í greint sinn hafi verið ákærði X.

Samræmi er að mestu í framburði A um atvik fyrir lögreglu og dómi en hún skýrði fyrst frá þessu strax eftir atburðinn. Þá fær framburður A stuðning í framburði vitnisins H lögreglumanns um frásögn vitnisins E síðar um kvöldið þar sem hann lýsti atvikum mjög á sama hátt fyrir vitninu og vitnið A fyrr um kvöldið. Framburð vitnisins E um að hann hafi ekki séð ákærða X lemja vitnið A ber að skoða í því ljósi að hann bar hjá lögreglu að hann myndi ekki vitna gegn ákærða.

Við heildstætt mat á framanskráðu þykir mega leggja framburð vitnisins A til grundvallar í málinu. Þykir því sannað að ákærði hafi gerst sekur um brot samkvæmt þessari ákæru eins og því er þar lýst og varðar brotið við þar tilgreind lagaákvæði.

## II. **Mál höfðað með ákæru lögreglustjórans á Akureyri, 6. nóvember 2006.**

### 1. Málavextir.

Samkvæmt rannsóknargögnum voru lögreglumenn á ferð í bifreið í miðbæ Akureyrar aðfararnótt 18. febrúar 2006. Veittu þeir athygli hópi manna fyrir utan Nýja bíó og þekktu þar ákærða Y. Lögreglunni virtist einhver æsingur vera í fólkinu en enginn gaf sig á tal við lögreglu heldur gengu menn hver í sína áttina. Lögregla fór frá og sneri við til að fylgjast betur með. Komu lögreglumennirnir svo auga á einhvern óróa inni í Nætursölunni og ákváðu að kanna málið. Hittu þeir þar brotþola, B, ásamt I, J og K. Var B með áverka á vinstra gagnauga og bóligna vör. Af viðræðum við þau kom fram að ákærðu hefðu veitt brotþola áverkana. Þann 20. febrúar afhenti eigandi Nætursölunnar lögreglu afrit af upptöku eftirlitsmyndavélar verslunarinnar af atvikinu og er upptakan meðal gagna málsins.

Á upptökunni má sjá ákærða X og brotþola koma saman inn í verslunina og ræða saman út í horni hennar. Þá koma fimm menn inn og er ákærði Y annar í röðinni. Hann vindur sér beint að brotþola og sparkar í fætur hans. Ákærði X færir ákærða Y frá brotþola og fleiri aðstoða við það. Ákærði X snýr sér aftur að því að ræða við brotþola og leggur handlegg sinn yfir öxl hans. Ákærði Y kemur þá til þeirra og þeir virðast eiga einhver orðaskipti. Skyndilega kýlir ákærði X brotþola eitt högg vinstra megin á höfuðið. Hann kýlir aftur að brotþola en erfitt er að greina hvort hann hittir þá. Brotþoli nær taki á ákærða X og kemur þannig í veg fyrir að hann veiti brotþola fleiri högg. Þar sem hann er í stympingum við ákærða X kemur ákærði Y að og tekur um háls brotþola og virðist þrýsta hendi í andlit eða augu hans. Þá koma fleiri menn að og reyna að skilja ákærðu og brotþola að og tekst starfsmanni Nætursölunnar að fá ákærða X til að fara frá. Ákærði Y nær að kýla þrjú högg að brotþola og virðast að minnsta kosti tvö þeirra lenda vinstra megin á andliti hans. Starfsmönnum Nætursölunnar tekst svo loks að ná ákærða Y frá brotþola og koma honum út með valdi. Í kjölfarið kemur lögregla á staðinn og ræðir þar við brotþola.

## 2. Framburður ákærða og vitna.

Ákærði Y kveðst lítið muna eftir atvikum annað en að um sjálfvörn hafi verið að ræða. Hann kveðst muna að fimm eða sex manns hafi ráðist á sig í sameiningu og í kjölfarið hafi brotist út slagsmál en hann muni ekki vel eftir þeim. Ákærði kveður framlagða upptöku úr öryggismyndavél Nætursölunnar aðeins sýna brot af atvikum, þar sjáist ekki árásin sem hann hafi orðið fyrir úti. Ákærði kveðst hafa verið fyrir utan Nætursöluna mjög drukkin. Einhver hafi komið að honum og spurt hvort hann hafi verið að skemma bifreiðar. Hann hafi neitað því, enda ekkert kannast við það, og fyrr en vari hafi hann skolið í götuna og hálfvankast og verið kominn með hálfvótballið ofan á sig. Þar hafi brotþoli verið fremstur í flokki. Þrír hafi legið ofan á sér og lamið sig og einhverjir í kring sparkað í sig þar sem hann lá. Dyravörður á Café Amour hafi svo komið og skilið þá að. Hann kveðst ekki hafa eyðilaggt gleraugu brotþola þar úti. Ákærði kveðst vita að tveir þeirra sem voru með brotþola heiti L og M. Ákærði kveður árás þeirra ekki hafa verið yfirstaðna þegar hann hafi komið inn í Nætursöluna, slagsmálin úti hafi borist þangað inn. Aðspurður kveður ákærði meðákærða X hafa aðstoðað sig þarna fyrir utan, hann hafi tekið menn ofan af sér. Ákærði kveðst ekki hafa séð meðákærða X lemja brotþola. Ákærði kveðst hafa hlotið áverka af völdum brotþola og félaga hans, mun meiri en þá áverka brotþola sem lýst er í ákæru. Aðspurður kveðst

ákærði viðurkenna að hafa kýlt ákærða inni í Nætursölunni enda hafi hann verið í slagsmálum við hann.

Ákærði X kveður brotþola og félag hans hafa ráðist á meðákærða Y fyrir utan Nætursöluna. Hann hafi hjálpað Y og farið með brotþola, upphafsmanni átakanna, inn í Nætursöluna til að ræða málið. Ákærði kveður ekki rétt í skýrslu brotþola að hann hafi lamið brotþola fyrir utan, áður en þeir gengu saman inn. Brotþoli hljóti svo að hafa sagt eitthvað við sig sem orðið hafi til þess að hann sló til brotþola. Ákærði kveðst þó telja að hann hafi ekki hitt. Aðspurður kveðst ákærði ekki hafa hugmynd um hvort brotþoli hafi verið með áverka þegar þeir fóru inn í Nætursöluna. Hann kveðst hafa hitt meðákærða Y daginn eftir og hann hafi verið með slæma áverka. Aðspurður kveður ákærði vel mögulegt að brotþoli hafi hlotið áverkana í átökunum fyrir utan verslunina. Ákærði kveðst hafa verið undir áhrifum þetta kvöld og muna atvik illa.

Vitnið A kveðst hafa verið að skemmta sér á Kaffi Akureyri umrætt kvöld með félögum sínum. Hringt hafi verið í einn þeirra til að láta hann vita að verið væri að skemma bíl sem vinkona systur vitnisins átti. Félagar hans hafi þá farið út og gengið í átt að Nýja bíó og kveðst vitnið hafa farið á eftir þeim. Tveir félagar vitnisins hafi tekið í ákærða Y og haldið honum upp að vegg og rætt við hann. Systir vitnisins hafi svo opnað glugga á bifreið þarna og sagt að ákærði Y hefði verið að sparka eða lemja í bílinn. Vitnið kveðst því hafa gripið í ákærða, lagt hann á jörðina og spurt hvort hann hefði verið að skemma bílinn en ákærði hafi neitað því. Vitnið kveðst hafa haldið í fót hans og lagt hann niður, kannski nokkuð harkalega. Vitnið kveðst svo hafa hálfkropið yfir honum. Vitnið kveðst ekki hafa slegið ákærða Y en hrist hann til þar sem hann lá. Þá hafi dyravörður á Café Amour komið að og stöðvað sig áður en eitthvað meira gerðist. Dyravörðurinn hafi spurt sig hvort hann vissi hvað hann væri að gera og segist vitnið hafa sagt að hann hefði verið að verja systur sína. Dyravörðurinn hafi sagt sér að hætta og kveðst vitnið hafi ætlað að ganga í burtu í átt að Nætursölunni. Þá hafi hópur manna komið hlaupandi að sér og ráðist á sig og ákærði X verið þar fremstur í flokki. Ákærði X hafi kýlt sig tvisvar á hægra gagnauga og með því valdið mari og bólgu á gagnauga. Þá hafi ákærði Y hrifsað gleraugu vitnisins og eyðilagt þau. Ákærði X hafi svo beðið hina mennina að hætta og kveðst vitnið hafa gengið með ákærða X inn í Nætursöluna. Vitnið kveðst hafi sagt honum að hann vildi engin vandræði. Ákærði X hafi m.a. spurt sig hvort hann vissi hver hann (X) væri og hver N væri. Ákærði kveðst svo hafa kynnt sig en þá hafi verið ráðist inn og einhver læti hafist aftur. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa fengið á sig högg þar inni en sparkað hafi verið í sig og einhverjar ryskingar hafi orðið. Þessu hafi þó lokið frekar snögg þar sem starfsfólk Nætursölnnar hafi stöðvað þá og hent flestum út. Lögreglan hafi komið og tekið skýrslu af sér. Vitnið kveðst ekki hafa hlotið alvarlega áverka en það hafi verið slæmt að gleraugun skyldu vera eyðilögð. Aðspurt um þá áverka sem lýst er í ákæru kveðst vitnið hafa hlotið þá í átökunum utan dyra. Vitnið kveðst hafa verið nokkuð ölvað þetta kvöld. Vitnið kveður ákærða X hafa kýlt sig tvisvar sinnum fyrir utan Nætursöluna en kveður ákærða Y ekki hafa valdið sér líkamlegum áverkum. Hann hafi hins vegar eyðilagt gleraugu vitnisins. Vitninu er kynnt verknáðarlýsing í ákæru og kveður vitnið hana ekki vera alveg rétta.

Vitnið I kveðst hafa séð B og tvo aðra stráka koma gangandi frá Sjallanum. Þeim hafi lent eitthvað saman við ákærða Y. Tveir hafi svo látið sig hverfa en ákærði Y og B hafi eitthvað verið að ýtast og verið með læti. B hafi lagt ákærða Y á götuna

en ekki lamið hann. Vitnið og félagi hans hafi rokið út úr bíl sínum og þá hafi ákærði X komið og farið með B inn í Nætursöluna. Vitnið kveðst hafa farið þangað inn á eftir þeim. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa séð nein högg ganga milli manna fyrir utan Nætursöluna en kveðst hafa séð ákærða Y eyðileggja gleraugu B þar fyrir utan. Vitnið kveðst aðspurt hafa farið inn á undan ákærða Y. Ákærði X og B hafi verið að tala saman en ákærði Y hafi þá komið inn og sparkað í B. Í kjölfarið hafi brotist út slagsmál og ákærði X hafi kýlt B fjögur eða fimm högg í andlitið. Þá hafi ákærði Y líklega náð að koma á hann einu eða tveimur höggum í andlitið. Aðspurt kveður vitnið B hafa verið bólginn í andliti eftir þetta og aðeins marinn. Vitnið segir áverkana vera eftir slagsmálin inni í versluninni því engin högg hafi gengið milli manna úti. Vitninu er kynntur framburður vitnisins B um að ákærði X hafi kýlt hann þrisvar eða fjórum sinnum úti og kveður vitnið það ef til vill geta verið rétt, hann hafi ekki séð allt. Vitnið kveðst hafa staðið yfir ákærða Y þegar B gekk í burtu og næst séð B og ákærða X ganga saman inn í Nætursöluna.

Vitnið J kveðst hafa verið á rúntinum með vitninu I, nýkominn úr vinnunni. Þeir hafi séð B og fleiri fyrir utan Nýja bíó. B hafi gripið í ákærða Y og þeir þá farið út úr bifreiðinni til að athuga hvað væri um að vera. Einhver orðaskipti hafi verið á milli B og ákærða Y en dyraverðir hafi svo komið og fært B frá. Eftir því sem vitnið kveðst vita best hafi ákærði X þá komið og viljað tala við B og þeir síðan gengið saman inn í Nætursöluna. Vitnið kveður þá I hafi elt þá þangað. Þar hafi B og ákærði X verið að ræða saman en allt í einu verið farnir að slást. Ákærðu X og Y hafi báðir lamið B í höfuðið. Vitnið kveðst ekki vita hve mörg höggin voru. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa séð neinn lemja B úti og ekki hafa séð ákærða Y skemma gleraugu hans. Aðspurt kveður vitnið þá I engin afskipti hafa haft af ákærða Y úti. Vitnið kveðst hafa þekkt I síðan þeir voru litlir, en hafa þekkt B í um ár þegar þetta hafi gerst. Þeir hafi verið ágætis kunningjar. Vitnið kveðst ekki hafa séð neina aðra en B takast á við ákærða Y úti en vinir B hafi verið þar með honum. Vitninu er kynntur framburður vitnisins B um að ákærði X hafi lamið hann fyrir utan Nætursöluna. Vitnið kveðst ekki hafa séð það en kveðst aðspurður ekki hafa fylgst með B allan tímann frá því að hann var skilinn frá ákærða Y þar til hann fór inn í Nætursöluna. Hann hafi ætlað inn í bifreið sína þegar þeir voru skildir að en snúið við þegar hann sá B fara inn með ákærða X.

### 3. Niðurstaða

Á framlögðu myndbandi úr öryggismyndavél Nætursölnunnar, sem áður er lýst, má sjá ákærðu báða kýla brotþola, B, ítrekað í andlitið vinstra megin. Hefur ákærði X viðurkennt að hafa kýlt í átt að honum en kvaðst telja að hann hafi ekki hitt. Ákærði Y hefur viðurkennt að hafa kýlt brotþola en kveðst hafa gert það í sjálfsvörn. Vitnin I og J báru einnig að hafa séð ákærðu báða kýla brotþola í höfuðið inni í Nætursölunni. Brotþoli kvaðst hins vegar ekki kannast við að þeir hefðu kýlt sig inni en kvað ákærða X hafa kýlt sig fyrir utan og með því valdið þeim áverkum sem lýst er í ákæru. Eins og að framan greinir er framburður hans í andstöðu við framlagt myndband og framburð ákærðu og vitna. Þykir hann því ekki trúverðugur og eigi unnt að byggja á honum um atvik. Með framburðum ákærðu sjálfra svo og vitnanna I og J og með stoð í mundbandsupptöku þeirri er að framan er lýst þykir fram komin lögfull sönnun þess að ákærðu hafi framið brot þau er í A-lið ákæru er lýst og með því valdið brotþola þeim áverkum sem lýst er í

læknisvottorði og getið er í ákæru. Varða brotin við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo sem greinir í ákæru.

Ákærði Y hefur neitað að hafa skemmt gleraugu brotþola. Á ofangreindu myndbandi má sjá að brotþoli var gleraugnalaus þegar hann fór inn í Nætursöluna með ákærða X og meðal gagna málsins er mynd af gleraugunum algerlega ónýtum. Hefur brotþoli borið að ákærði Y hafi hrifsað af honum gleraugun fyrir utan verslunina og eyðilaggt þau. Hins vegar hefur að ofan verið rakið að framburður brotþola er um margt í andstöðu við framburði annarra og gögn málsins og verður hann því tæplega lagður til grundvallar sakfellingu. Vitnið I kvaðst aðspurður hafa séð ákærða Y eyðileggja gleraugu brotþola fyrir utan verslunina. Hann var hins vegar ekki nánar spurður út í hvernig það hefði borið til og lýsti því ekki nánar. Gegn neitun ákærða þykir því ósannað að ákærði Y hafi gerst sekur um brot það sem lýst er í ákærulið B og verður hann því sýknaður af þeim lið ákærunnar.

### III. Mál höfðað með ákæru Ríkissaksóknara, 6. desember 2006.

#### 1. Málavextir.

Samkvæmt rannsóknargögnum var aðstoðar lögreglu óskað á slysadeild FSA laust eftir kl. 13:00, fimmtudaginn 25. maí sl. Hafði E leitað þangað og lék grunur á að hann hefði orðið fyrir alvarlegri líkamsárás. Kom fram að klippt hefði verið af öðrum litla fingri hans og auk þess væri hann hugsanlega rifbrotinn. Á slysadeildinni fékk lögregla þær upplýsingar að D væri þar einnig með alvarlega áverka. Ræddi lögregla við þá á staðnum og fór í kjölfarið á vettvang að Hafnarstræti ... á Akureyri. Austan á húsinu er stigahús sem lögregla fór inn í og sá þá að dyr voru opnar inn í geymslu eða þvottahús og að hurð inn í íbúð C var brotin. Var stykki um handfang og læsingu brotið af og hurðin klofin þvert út frá handfanginu. Bankaði lögregla og gekk svo inn. Í eldhúsi íbúðarinnar sat C við eldhúsborðið með glóðarauga báðum megin og bólgið nef sem hann hafði troðið pappír í til að stöðva blæðingu. Vildi hann lítið ræða það sem gerst hafði. Eftir tital lögreglu lét hann þó tilleiðast að fara á slysadeild FSA til aðhlyningar. Vettvangur var rannsakaður og myndaður.

Í kjölfar þess að lögregla hafði aflað nokkurra upplýsingar um árásirnar voru ákærðu handteknir á heimili ákærða Z að .... á Akureyri. Voru ákærðu Z og X í mjög annarlegu ástandi og vart viðræðuhæfir. Ákærði Þ var hins vegar nokkuð vel áttaður. Leit var gerð í íbúðinni og hald lagt á ýmsa muni í þágu rannsóknar málsins.

Lögregla kannaði á leigubifreiðastöðinni BSO hvort leigubifreiðar hefðu verið pantaðar til eða frá Hafnarstræti ... eða ... þennan morgun, án árangurs. Síðar kom þó í ljós að leigubilstjóri hafði komið með stubbinn sem klipptur hafði verið af fingri E á slysadeild.

Þá gekk lögregla einnig í nærliggjandi hús í vitnaleit og kom í ljós að ákærðu X og Z höfðu heimsótt íbúa í Hafnarstræti ... og Hafnarstræti ... .

## 2. Framburður ákærða og vitna.

Ákærði X kveðst hafa farið inn til C um klukkan níu að morgni. Aðspurður um hvort hann hafi bankað kveðst hann hafa gengið inn. Ákærði kveður þeim C hafi lent eitthvað saman og hann hafi tekið síma þarna og geymt í vasanum til að C hringdi ekki á lögreglu. Hann hafi svo farið í heimsókn til félaga síns og gleymt að hann væri með símann í vasanum. Þegar síminn hafi hringt hafi hann svarað og sá sem hringdi hafi viljað tala við eiganda símans. Ákærði kveðst hafi svarað því til að hann væri ekki þarna en viðmælandinn þá kallað hann aumingja, fífl og fleira álíka og hótað honum öllu illu. Ákærði kveðst þá hafa farið aftur til C og skilað símanum og sagt C að segja eiganda símans að koma. C hafi hringt í manninn en sér hafi þótt hann gefa viðmælandanum vísbendingu um að koma ekki. Ákærði kveðst því hafa slegið son C á kinnina til að C myndi fá manninn á staðinn. Maðurinn hafi svo komið á staðinn og kveðst ákærði hafa klippt af honum fingur. Aðspurður kveðst ákærði ekki kannast við að hafa lamið eða sparkað í E. Ákærði kveðst hafa setið inni í sófa og svo komið og séð E liggja á gólfinu. Aðspurður kveðst ákærði ekki draga í efa að hann hafi valdið þeim áverkum á C og D sem lýst er í ákæru. Aðspurður um hvaðan klippurnar hafi komið kveðst ákærði ekki vita það, hann hafi setið í sófanum og einhver hafi rétt sér klippurnar. Ákærði kveðst ekki vilja tjá sig um hverjir hafi verið með honum í umrætt sinn og ekki heldur um hvort framburður hans fyrir lögreglu varðandi það sé réttur. Aðspurður kveður ákærði ekki hafa verið um samvinnu hans og meðákærða Z að ræða og hann kveðst ekki vita hvað Z hafi gert. Aðspurður kveðst ákærði hafa verið með meðákærða Þ nóttina áður, þeir hafi farið saman í aðra íbúð í Hafnastrætinu af skemmtistaðnum Dátanum. Aðspurður kveðst ákærði hafa brotið upp hurðina að Hafnarstræti ... í síðara skiptið sem hann fór þangað. Ákærði kveðst hafa verið undir áhrifum fíkniefna þegar þessi atvik urðu, hann hefði annars ekki gert slíka hluti. Aðspurður kveðst ákærði vera búinn að breyta afstöðu sinni til framkominna bótakrafna og fallast á þær eins og þær eru fram settar.

Ákærði Þ kveðst hafa verið í partíi hjá O, í gamla Tónlistarskólanum í Hafnarstræti. Hann hafi svo fengið far með P og Q heim til sín í ... og farið að sofa. Meðákærðu X og Z hafi síðan komið og vakið sig og beðið sig að koma niður í Hafnarstræti. Ákærði kveðst hafa talið að þeir ættu við að þeir færu aftur til O og því farið með þeim. Meðákærði X hafi svo sagst ætla inn til C. Ákærði kveðst áður hafa búið í húsinu og þekkt C og ekki vitað af neinum leiðindum. Meðákærðu hafi ekki rætt um hvað þeir ætluðu að gera þar. Meðákærðu X og Z hafi svo farið inn til C en ákærði kveðst hafa staðið fyrir utan. Svo hafi E, R og S einnig farið þar inn. Þegar hann hafi svo farið þangað á eftir þeim hafi allar þrjár hurðirnar á leið inn í íbúð C verið opnar. Hann kveðst ekki hafa tekið eftir því að ein hurðin hafði verið brotin upp. Ákærði kveður E hafa legið á gólfinu þegar hann kom inn og búið hafi verið að klippa af honum fingur. Hann kveðst ekki muna vel eftir atvikum en þar hafi verið rifist og öskrað. Ákærði kveðst ekki hafa séð nein átök, þegar hann hafi komið inn hafi R og S verið búnir að fá sér sæti, C og D hafi einnig setið en E legið á gólfinu. Ákærði kveðst ekki hafa séð E lenda á gólfinu. Aðspurður kveðst ákærði ekki muna eftir að hafa séð hafnarboltakylfu á staðnum.

Ákærði Z kveðst hafa labbað inn í íbúð C um morguninn ásamt meðákærða X. Þar hafi verið opið, þeir hafi oft komið þangað áður og ekkert verið beðnir að fara. Ákærði kveðst hafa búið í húsinu áður og hafa átt eftir að tæma íbúðina. Þeir hafi

verið í partíi rétt hjá og rölt til C og spjallað við hann. Aðspurður kveður ákærði þá ekki hafa lamið C og kveðst hann ekki hafa séð meðákærða X lemja hann. Ákærði kveður þá hafa farið aftur til C síðar um morguninn og þá hafi meðákærði X sparkað hurðinni upp. Þá hafi meðákærði P verið með þeim en ekki verið kominn að húsinu. Ákærði kveðst hafa farið inn til C ásamt meðákærða X en meðákærði P hafi komið inn töluvert síðar. Ákærði kveður þá X hafa talað við C og þeir hafi eitthvað verið á flandri um íbúðina og út í garð og í einhverju fyllerísrugli. Þegar E, S og R hafi komið hafi þeir verið búnir að vera hjá C töluverða stund, spjallað við hann og spilað. Ákærði kveður ekki rétt að hann hafi slegið E með hafnarboltakylfu og kveðst hvorki hafa verið með hafnarboltakylfu né garðklippur. Þá hafi hann ekki sparkað í E, ákærði hafi séð mynd af einhverri rönd á E en enginn ákærðu hafi veitt honum þann áverka. Ákærði kveðst ekki hafa séð nein átök þarna. Hann viti að fingur hafi verið klipptur en kveðst ekki hafa séð það, hann hafi þá verið uppi á þriðju hæð hússins. Aðspurður um hvort ákærði hafi séð C sleginn segir hann að hann hafi aldrei verið sleginn. Hann sé vælukjói og eigi til að ljúga upp á fólk en hann hafi þó kunnað ágætlega við hann. Aðspurður kveðst ákærði ekki kannast við að hann hafi talað um að E hefði talað illa um föður ákærða. Ákærði kveðst síðar hafa heyrt að E hefði gert það og það hafi reitt sig til reiði þó hann hafi átt erfitt með að trúa því þar sem E og faðir ákærða þekktist mjög vel. Ákærði kveðst ekki kannast við að hafa hvatt til þess að E yrði tekinn í gegn, hann þekki E mjög vel. Nánar aðspurður kveður ákærði hann og meðákærða X hafa komið saman að í síðara skiptið sem þeir fóru inn til C. Kveðst ákærði hafi séð meðákærða X sparka hurðinni upp. Í fyrra skiptið hafi verið opið. Ákærði kveður alltaf hafa verið ólæst hjá honum. Lögreglan hafi oft komið vegna fjölskylduleiðinda og fólk gengið þar inn og út að vild. Aðspurður kveðst ákærði hafa verið í mikilli vímu þegar þetta gerðist, hann hafi verið á læknaþfjum og muni atvik brotkennt. Aðspurður kveður ákærði það geta verið að E hafi hringt í þá fyrr um morguninn og hugsanlega talað við meðákærða X. Hann kveðst ekki vita hvort það hafi verið í síma sem þeir hafi tekið hjá C í fyrra skiptið sem þeir fóru til hans. Aðspurður kveðst ákærði ekki vita hvort hann hafi séð áverka á húsráðendum þegar þeir fóru úr íbúð C. Þeir séu með voðalega bauga, bólgnir og drykkjumannslægir nema D, ákærði hafi ekki séð áverka á honum.

Vitnið C kveðst hafa vaknað við að bankað var harkalega á hurðina hjá honum sem þá var ólæst. Kveðst hann hafa farið fram og þar hafi ákærðu Z og X verið. Kveður hann ákærða X hafi ráðist á sig og lamið sig. Vitnið kveðst ekki hafa vitað af hverju hann gerði það, en þeir hafi eitthvað rætt um byssur sem hefðu horfið úr geymslu í húsinu. Vitnið kveðst ekki vita hve oft ákærði X kýldi hann en það hafi verið nokkrum sinnum, hann hafi kýlt með hnefum. Ákærðu hafi síðan farið og kveðst vitnið hafa læst á eftir þeim. Kveðst vitnið hafa þvegið sér og farið í rúmið. Kveður vitnið ákærðu hafa svo komið aftur og þá brotið upp hurðina. Þeir hafi komið inn og spurt hvar E væri. Vitnið kveðst hafa sagt þeim að hann vissi það ekki og hafi þeir þá skipað sér að hringja í hann (E). Kveður vitnið þá hafa náð í son sinn, D, sem hafi verið sofandi í herbergi sínu. Vitnið kveðst þó ekki muna hvor þeirra náði í hann. Vitnið segir að ákærðu hafi hótað að klippa af þeim fingur ef hann hringdi ekki í E og ákærði X hafi lamið D. Aðspurt kveðst vitnið minna að þeir hafi þá verið komnir með greinaklippurnar og ákærði Z hafi verið með hafnarboltakylfu. Vitnið kveðst ekki vita hvor ákærðu kom með hana. Vitnið kveðst ekki muna hvort ákærði P hafi verið inni í íbúðinni þegar þetta var, hann hafi að minnsta kosti ekki tekið þátt í hótununum. Vitnið kveðst hafa hringt í E sem hafi komið ásamt S og R. Ákærði Z hafi lamið E með hafnarboltakylfunni

einu sinni eða tvisvar og einnig ætlað að sparka í andlit E en ekki hitt. Vitnið kveður ákærða Z hafi talað um að E hefði kallað föður sinn aula. Aðspurt kveðst vitnið telja að ákærði P hafi ekki verið kominn inn þegar þetta var. Vitnið kveður ákærða X svo hafa klippt fingur af E. S hafi beðið um að fá stubbinn en ákærði X hafi ekki viljað afhenda honum hann. Sonur vitnisins hafi ekið E á sjúkrahús en vitnið kveðst hafa setið áfram í íbúðinni ásamt S og R. Skömmu síðar hafi ákærði X svo komið með stubbinn í poka með ísmolum og sagst sjá eftir þessu. Þeir hafi hringt í T leigubílstjóra sem hafi farið með fingurstubbinn á sjúkrahúsið. Vitnið kveður lögreglu svo hafa komið síðar með D. Vitnið kveðst ekki muna hvenær ákærði P kom inn, þetta hafi gerst hratt. Vitnið kveðst þó líklega ekki séð hann fyrr en eftir að E, S og R komu. Aðspurt kveðst vitnið ekki vita hvaðan klippurnar komu. Þá kveðst hann ekki hafa séð ákærða X sparka í E. Vitnið er spurt hverju það sæti að það hafi ekki komið fram í lögregluskýrslu hans að ákærði Z hafi lamið E með kylfunni. Kveðst vitnið hafa verið vankað er hann gaf skýrsluna og ekki í andlegu jafnvægi. Hann kveðst þó viss um að ákærði Z hafi lamið hann með kylfunni, líklega tvö högg á síðuna. Aðspurt kveður vitnið hurðina inn í íbúðina venjulega hafa verið ólæsta. Vitnið kveður það rétt að ákærði Z hafi um tíma búið í sama húsi. Þeir hafi þó ekki þekkt en ákærðu Z og X hafi einu sinni komið til hans og stoppað stutt. Aðspurt kveðst vitnið kannast við að ákærði X hafi hótað sér í kjölfar árásarinnar, hann hafi sagt að þeir fengju að kenna á því ef þeir kærðu. Vitnið kveðst ekki muna eftir því að ákærðu Z eða P hafi hótað því.

Vitnið E kveðst hafa verið hjá vini sínum í ... þegar C hafi hringt og beðið hann að koma til sín. Hann hafi farið þangað, gengið inn og strax fengið högg á bakið. Vitnið kveðst hafa heyrt eftir á að hann hafi verið laminn með kylfu en hann hafi ekki séð það sjálfur og ekki séð hver veitti honum höggið. Hann kveðst hafa fallið við og sparkað hafi verið í sig. Honum hafi svo verið haldið niðri og fingurinn klipptur af. Hann kveðst ekki hafa séð mennina en heyrt einhvern segja: „þú klippir ekki puttann af honum“ og eitthvað um „þú talar ekki illa um pabba vinar míns“. Fingurinn hafi svo verið klipptur af. Hann hafi lítið fundið fyrir því og ekki trúað því fyrst að hann hafi verið klipptur af. Vitnið kveðst hafa verið hálf rænulítill og ekkert muna eftir ákærðu. Hann hafi verið undir miklum áfengisáhrifum. Vitnið kveðst hafa séð C þegar hann kom inn, hann hafi setið í stofunni en kveðst ekki muna eftir fleirum.

Vitnið D kveðst hafa verið sofandi á heimili sínu umræddan morgun en vaknað við einhver högg á milli klukkan 10 og 11. Hann hafi í svefnrofunum talið að einhver væri að banka. Svo hafi hann heyrt skyndilega skell og skömmu síðar hafi ákærði Z komið inn til hans með hafnarboltakylfu og sagt honum að koma fram. Vitnið kveðst ekki hafa þekkt Z persónulega en hafa þekkt hann í sjón. Vitnið kveðst hafa beðið um að fá að klæða sig en ekki fengið það, hann hafi þó smeygt sér í slopp. Ákærði Z hafi sagt sér að setjast fram í stofu og hafi hann sest í sófa, andspænis föður sínum, C. Þegar hann hafi séð ákærðu X og P þarna hafi hann spurt hvað gengi á en ekki fengið svör. Kveðst hann hafa setið í sófanum og beðið. Ákærðu hafi verið á ferð um íbúðina, ákærði P hafi farið milli herbergja og að útidyráhurðinni. Vitnið kveðst hafa verið stressað og beðið um að fá að sækja sígarettur í herbergi sitt og fengið að gera það í fylgd ákærða P. Vitnið kveðst hafa sest aftur fram í stofu og kveikt sér í sígarettu. Hann hafi ekki verið búinn að reykja mikið af henni þegar hann hafi fært sig til föður síns sem hafi virst þurfa á stuðningi að halda. Einhver ákærðu hafi komið inn með garðklippur, vitnið kveðst ekki muna hver, en ákærði X hafi tekið við þeim og setið með þær við hlið

vitnisins. Hann hafi hótað að klippa fingur af þeim feðgum ef þeir fengju ekki E á staðinn. Ákærði X hafi svo sest í sófann við hlið C og vitninu hafi orðið það á að glotta eitthvað. Þá hafi ákærði X sagt að ef hann gerði þetta aftur myndi hann ganga í skrokk á vitninu. Vitninu hafi þótt þetta eitthvað hjákátlegt og brosað út í annað en þá hafi ákærði X reynt að sparka í höfuð vitnisins yfir stofuborðið. Það hafi ekki heppnast heldur hafi fótur hans lent ofan í öskubakka. Þá hafi ákærði X fært sig og sest við hlið sér og haft í hótunum við sig. Vitnið kveður ákærða P hafa verið á ferðinni frammi en hann hafi svo komið inn í stofu og spurt ákærða X hvort hann ætti að sækja hnífa eða einhver áhöld en ákærði Z hafi neitað því og sagt að hann hataði hnífa. Fljótlega eftir þetta kveður vitnið ákærða X hafa slegið sig á vinstri kinn nokkrum sinnum og sagt eitthvað sem vitnið kveðst ekki muna. Vitnið segir að ákærði X hafi slegið sig nokkrum sinnum til viðbótar og við síðasta höggið kveðst vitnið hafa heyrt smell og þá rétt upp hendur og sagt að þetta væri orðið gott hjá honum. Ákærði X hafi þá hætt. Vitnið segir að ákærðu P og Z hafi verið búnir að biðja ákærða X um að láta hann vera. Vitnið kveður ákærða X hafa komið með spilastokk úr eldhúsinu og beðið vitnið um að spila við sig ólsen ólsen. Vitnið kveðst hafa tekið við stokknum og gefið en þá heyrt umgang frammi. Þar hafi E, R og S verið að koma. Segir vitnið að ákærði Z hafi barið E í bakið með hafnarboltakylfu þegar hann kom auga á hann og hafi E henst fram á stofugólfið. Ákærði Z hafi sparkað í síðu E og talað um að enginn kallaði pabba sinn aula eða fifl eða annað slíkt. Vitnið kveður E hafa legið hjálparlausan á gólfinu. Vitnið kveðst ekki alveg muna hvað svo gerdist en ákærði P hafi einhvern tíman stuggað við S þannig að hann rakst utan í skáp. Ákærði P hafi einnig tekið myndir með farsíma, líklega að minnsta kosti af R og S. Hann hafi einnig beðið um að fá að sjá persónuskilríki R. Segir vitnið að síðan hafi ákærði X staðið upp með garðklippurnar og gengið að E, þar sem hann lá á gólfinu. Hann hafi fálmað eftir litla fingri hans, verið smá stund að koma fingrinum í klippurnar en loks tekist það og klippt. E hafi svo verið látinn liggja á gólfinu en ákærðu X og Z hafi hótað þeim frekari barsmíðum og limlestingum ef þeir myndu kæra. Vitnið segir að ákærðu hafi svo farið og haft fingurstubbinn með sér. Vitnið kveðst þá hafa flýtt sér að gera lítilliga að hönd E og klæða sig og hafi því næst ekið honum í skyndi á sjúkrahús. Aðspurt kveðst vitnið hafa verið allsgáð þegar þetta var, hann hafi kannski drukkið einn eða tvo bjóra kvöldið áður. Hann kveðst muni þetta nokkuð vel því hann hafi stuttu eftir þetta skrifað niður ítarlega lýsingu fyrir sjálfan sig. Aðspurt kveður vitnið alla ákærðu tvímælalaust hafa verið undir áhrifum fíkniefna. Ákærði P hafi verið taugaóstyrkur og ákærði X hafi einnig verið það um tíma, komið hafi augnablik þar sem hann virtist aðeins hika. Vitnið kveður sér hafa virst ákærði Z einna styrkastur fyrir þessu. Aðspurt kveðir vitnið sig minna að ákærði P hafi staðið í stofunni þegar hann kom fyrst fram úr herbergi sínu. Aðspurt kveður vitnið ákærða Z hafa slegið E með sömu kylfu og hann hafði þegar hann kom inn í herbergi vitnisins. Vitnið kveðst aðeins muna eftir einu höggi með kylfunni en hann hafi í kjölfarið sparkaði í E oftast en einu sinni. Aðspurt kveður vitnið hafa orðið smá hlé frá því að ákærði Z sparkaði í E þar til ákærði X klippti af honum fingurinn. Aðspurt kveðst vitnið ekki muna hvað fór ákærðu X og Z á milli.

Vitnið S kveður E og R hafa verið í heimsókn hjá sér umræddan morgun. C hafi hringt í E og beðið hann að koma, þeir hafi haldið að hann vildi fá þá í heimsókn og farið þangað. E hafi gengið inn fyrstur og vitnið næst. Segir vitnið að þegar hann hafi komið inn hafi E legið í gólfinu og kveður vitnið einhvern hafa kýlt sig en vitnið kveðst ekki vita hver gerði það. Vitnið kveðst hafa staðið fyrir framan ákærðu X og Z. Ákærði Z hafi verið tilbúinn að lemja sig með hafnarboltakylfu en

ekkert hafi orðið úr því. Vitnið kveðst hafa kynnt sig og heilsað með handabandi. Þeir hafi beðið sig að setjast og hafi hann gert það, þó ekki alveg strax. Eftir nokkra stund kveður vitnið ákærða P hafa beðið sig um skilríki sem vitnið kveðst ekki hafa haft. Þá hafi ákærði P tekið mynd af sér með síma sínum. Vitnið segir að eftir nokkra stund hafi ákærði X tekið í hendi E. Kveðst vitnið hafi talið að þeir væru að grínast en ákærði X hafi svo klippt fingurinn af E. Ákærði Z hafi staðið yfir E á meðan. Þeir hafi svo farið út. Aðspurt kveðst vitnið ekki muna eftir að ákærðu hafi haft uppi hótanir áður en þeir fóru. Vitnið kveður ákærða X svo hafa komið aftur með fingurstubbinn. Vitnið kveðst fyrst hafa séð ákærða P eftir að hann var laminn. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa séð E laminn með kylfu og ekki að sparkað hafi verið í hann. Vitnið kveðst hafa séð áverka á C og D. Aðspurt kveðst vitnið ekki geta sagt til um hvort ákærði X hafi verið undir áhrifum fikniefna því þeir þekktu ekkert. Hann hafi þó í það minnsta verið eitthvað spenntur. Aðspurt kveður vitnið einhverja stund hafa liðið frá því að hann kom inn og sá E á gólfinu þar til fingurinn var klipptur af honum, kannski tíu mínútur. Vitnið kveðst þekkja vel til heima hjá C. Hann kveðst vita að hurðin hafi yfirleitt verið ólæst þegar C var heima. Ekki hafi þó tíðkast að ganga beint inn til hans heldur banka fyrst. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa hlotið áverka af því höggi sem hann fékk og ómögulega geta sagt til um hver veitti honum það. Aðspurt kveðst vitnið hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn en muna atvik ágætlega.

Vitnið R kveðst hafa verið í heimsókn hjá C ásamt E. Þeir hafi fyrr um nóttina verið á heimili vitnisins. Hringt hafi verið í E og hann beðinn að koma til C og þeir hafi tekið leigubíl þangað. E og S hafi farið inn en vitnið kveðst hafa orðið eftir til að gera upp við bílstjóran og hafi eitthvað spjallað við hann. Hann hafi farið inn líklega 2-5 mínútum síðar en E og S og þá hafi allt verið afstaðið, búið hafi verið að klippa fingur af E. Inni hafi verið hár maður, C, D, S og E. Vitnið kveðst ekki hafa séð ákærða X en hann hafi mætt tveimur mönnum sem voru á leið út þegar hann var á leið inn. Hann hafi þó ekki þekkt þá og kveðst ekki geta borið um hvort það voru ákærðu í þessu máli X og Z, enda hafi hann ekki þekkt til þeirra. Vitnið kveðst ekki hafa séð háa manninn fyrir utan húsið áður en hann fór inn. Aðspurt um hótanir kveður vitnið hávaxna manninn hafa ýjað eitthvað að því að hann skildi ekki vera með vandræði. Vitnið kveðst ekki muna eftir því að ákærði X hafi komið aftur með fingurinn. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa tekið eftir því hvort hurðin hafi verið brotin upp, hún hafi staðið opin.

Vitnið U rannsóknarlögreglumaður ber að um hádegisleytið þann 25. maí 2006 hafi borist tilkynning um að á slysadeild FSA væri mikið slasaður maður vegna líkamsárásar. Vitnið kveðst hafa farið þangað ásamt V rannsóknarlögreglumanni. Þar hafi þeir hitt D og E. D hafi verið mjög tregur til að segja frá því hvað gerst hefði og hverjir hefðu verið þar að verki, hann hafi vírst hræddur við það. E hafi verið nýkominn úr aðgerð, honum hafi liðið mjög illa, verið æstur og drukkinn. Vitnið kveðst hafa verið búið að heyra eitthvað um ferðir ákærðu nóttina á undan og hafi helst talið þá hafa verið að verki. Þegar D hafi verið spurður hvort ákærðu hafi valdið áverkunum hafi hann játað því. Í framhaldi af því hafi þeir farið að Hafnarstræti ... til að tryggja vettvang. Þar hafi mátt sjá að hurð hafði verið sparkað upp og nokkuð áberandi skóför á henni. C hafi setið þar inni og augljóslega verið mjög brugðið. Hann hafi ekki viljað upplýsa hverjir hefðu verið þarna að verki en þegar vitnið hafi tjáð honum að þeir teldu sig vita að það hefðu verið ákærðu í máli þessu hafi hann staðfest það. Þá hafi hann einnig náð í töng sem hann hafði falið í þvottahúsi íbúðarinnar að beiðni ákærða X. Vitnið kveður V hafa farið með C á

slysadeild vegna áverka en vitnið hafi orðið eftir í íbúðinni til að tryggja vettvang. Vitnið kveður brotþola hafa verið mjög trega til að skýra frá atvikum af ótta við hefndir, sérstaklega hafi C verið mjög hræddur við ákærðu. Vitnið kveður sérsveitina hafa handtekið ákærðu í íbúð ákærða Z í ... . Aðspurt um lokaskýrslu af ákærða X kveðst vitnið það eftir honum haft að hann sæi mjög eftir háttsemi sinni.

Vitnið Æ, sálfræðingur, kveðst hafa gert sálfræðimat á ákærða X að beiðni sýslumannsins á Akureyri. Vitnið kveður það ekki sitt mat að ákærði hafa verið í ákafrí geðshræringu eða skammvinnu ójafnvægi á geðsmunum þegar hann framdi verknaðinn.. Fram hafi komið að ákærði hafi fyrst sett töngina efst upp á fingurinn en hugsað sig aðeins um og svo fært hana frammar. Telur vitnið það benda til þess að ákærði hafi haft nokkra stjórn á sér, hann hafi takmarkað skaðann með því að klippa minna af fingrinum.

### 3. Niðurstaða.

#### Ákæruliður A.1.

Ákærði X hefur játað brot sitt. Er játning hans og lýsing á atvikum í samræmi við framburði meðákærða Z og vitnisins C. Þykir brot hans því nægjanlega sannað og varðar við tilgreind lagaákvæði í ákæruskjali.

Ákærði Z hefur hins vegar neitað sök. Ákærði X sagði aðspurður um það hvort hann hefði bankað hjá C í fyrra skiptið sem hann fór til hans að hann hefði gengið inn. Ákærði Z kvaðst hafa gengið inn með ákærða X. Hann kvaðst nokkrum sinnum hafa komið til C enda hafi hann áður búið í sama húsi. Þar hafi fólk gengið út og inn að vild. Vitnið C kvaðst hins vegar ekki þekkja ákærða Z en sagði að hann og ákærði X hafi einu sinni komið til sín áður en stoppað stutt. Hann kvað það ekki vana að fólk gæti gengið inn til hans að vild þó hurðin væri ólæst. Vitnið D, sonur vitnisins C, sem bjó einnig á heimilinu, kvaðst ekki þekkja ákærðu, hann hafi aðeins þekkt ákærða Z í sjón. Verður samkvæmt framangreindu ekki talið að ákærði Z hafi mátt telja sér heimilt að ganga óboðinn inn til C og D og verður hann því sakfelldur fyrir brot það sem honum er gefið að sök í ákærulið A.1.

-

#### Ákæruliður A.2.

Ákærði X hefur viðurkennt brot sitt samkvæmt þessum ákærulið og er játning hans og lýsing á atvikum í samræmi við framburð vitnisins C og gögn málsins. Þykir brot hans því nægjanlega sannað og varðar við tilgreind lagaákvæði í ákæruskjali.

-

#### Ákæruliður B.3.

Ákærði X hefur viðurkennt brot sitt samkvæmt þessum ákærulið og er játning hans og lýsing á atvikum í samræmi við framburði meðákærða Z og vitnisins C og gögn málsins. Þykir brot hans því nægjanlega sannað og varðar við tilgreind lagaákvæði.

Ákærði Z neitaði sök. Hann kvaðst þó hafa farið heim til C með ákærða X. Ákærði X hafi sparkað upp hurðinni að íbúðinni og þeir gengið inn. Með vísan til þessa framburðar ákærða sjálfs, sem studdur er framburði ákærða X og vitnisins C auk ummerkja á vettvangi, verður talið sannað að ákærði Z hafi með háttsemi sinni gerst sekur um húsbrot sem varðar við tilgreind lagaákvæði í ákæru.

Ákærði Þ kveðst hafa farið ásamt meðákærðu í Hafnarstræti í þeirri trú að þeir ætluðu aftur til O, þar sem þeir höfðu verið fyrr um morguninn. Meðákærðu hafi hins vegar farið til C en ákærði hafi beðið úti. Hann hafi ekki vitað hvað meðákærðu ætluðu að gera þar. Þegar E, R og S hafi einnig farið þarna inn hafi hann farið á eftir þeim. Hurðirnar þrjár, á leið inn til C, hafi allar staðið opnar og hann hafi ekki tekið eftir því að ein þeirra hefði verið brotin upp. Þegar hann hafi komið inn hafi þegar verið búið að klippa fingur af E. Var framburður hans í lögregluskýrslu frá 30. júní 2006 á sama veg.

Í lögregluskýrslu ákærða X, sem hann staðfesti fyrir dómi þann 12. júní 2006, segir hann að hann og meðákærði Z hafi ákveðið að lokka E heim til C og meðákærði Þ hafi ákveðið að fara með þeim. Þá bar hann að „þeir“ hefðu ruðst inn. Einnig talaði hann um að ákærði Þ hafi staðið í stofunni þegar C hringdi í E. Þá minntist hann á að ákærði Þ hefði tekið á móti E ásamt ákærða Z.

Ákærði Z bar að ákærði Þ hefði komið inn nokkru á eftir honum og ákærða X.

Vitnið C kvaðst aðspurt ekki muna hvenær ákærði Þ kom inn, líklega hefði það ekki verið fyrr en á eftir E, S og R.

Vitnið D bar að ákærði Þ hefði verið inni í stofu þegar hann kom út úr herbergi sínu í fylgd ákærða Z. Einnig hefði hann fengið að ná í sígarettur í fylgd ákærða Þ sem hefði verið á stöðugri ferð um íbúðina og út að dyrum. Þá hefðu ákærðu Þ og Z beðið ákærða X að hætta að lemja vitnið. Einnig bar vitnið að ákærði Þ hefði á einhverjum tímapunkti stuggað við S. Hann hefði einnig fengið persónuskilríki R og tekið myndir með farsíma. Vitnið lýsti því að ákærði Þ hefði verið taugaóstyrkur.

Eins og að framan greinir verður ekki af framburðum meðákærðu og vitna ráðið með vissu hvenær ákærði Þ kom inn í íbúðina og hefur framburði hans um þetta atriði ekki verið hnekkt. Verður því við það að miða að greiður aðgangur hafi verið inn í íbúðina er ákærði fór þar inn á eftir félögum sínum. Er ósannað gegn neitun ákærða Þ að honum hafi verið ljóst að koma hans í íbúðina hafi verið í óþökk húsráðenda fyrr en eftir að inn í íbúðina kom. Eins og ákæru er háttað þykir ekki unnt að refsa ákærða fyrir að hafa ekki farið út úr íbúðinni eftir að honum var ljóst að vera hans og félaga hans þar var í óþökk húsráðenda.

Verður ákærði Þ sýknaður með vísan til þess sem að framan er rakið.

Ákæruliður B.4.

Ákærði X hefur viðurkennt brot sitt samkvæmt þessum ákærulið og er játning hans og lýsing á atvikum í samræmi við framburði vitnanna C og D og gögn málsins. Þykir brot hans því nægjanlega sannað og varðar við tilgreind lagaákvæði.

#### Ákæruliður B.5.

Ákærði X hefur viðurkennt brot sitt samkvæmt þessum ákærulið og er játning hans og lýsing á atvikum í samræmi við framburði vitnanna C og D og gögn málsins. Hann hefur hins vegar neitað því að um samverknað hans og meðákærða Z hafi verið að ræða. Kvaðst hann ekkert vita um þátt meðákærða Z, hann hafi aðeins séð E liggjandi á gólfinu. Aðspurður um hvaðan klippurnar komu kvaðst hann ekki vita það, hann hafi setið í sófanum og einhver hafi rétt honum þær.

Ákærði Z neitar sök, kvaðst hann hvorki hafa lamið E með hafnarboltakylfu né sparkað í hann. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við nein átök á vettvangi. Hann hafi þó vitað að fingur hafi verið klipptur af E en ekki verið viðstaddur er það gerðist. Ákærði kvaðst ekki hafa verið með hafnarboltakylfu á vettvangi og hvorki séð hafnarboltakylfu né garðklippur þar. Er framburður ákærða mjög á skjön við framburð vitna og ótrúverðugur.

Samkvæmt framburði vitnisins D, sem dómari metur trúverðugan, var ákærði Z með hafnarboltakylfu þegar hann vakti hann þennan morgun. Þá bar vitnið að ákærði Z hefði barið E í bakið með hafnarboltakylfunni þegar hann kom inn og í kjölfarið sparkað í síðu hans þar sem hann lá.

Vitnið C bar að ákærði Z hefði verið með hafnarboltakylfu og lamið E með henni, líklega tvö högg á síðuna. Hann hefði einnig ætlað að sparka í E en ekki hitt.

Vitnið E kvaðst hafa fengið högg á bakið þegar hann kom inn í íbúð C en kvaðst ekki hafa séð hver veitti honum það eða með hverju. Hann hafi fallið við og sparkað hafi verið í hann.

Vitnið S kvað E hafa legið á gólfinu þegar hann kom inn og bar hann jafnframt að ákærði Z hafi verið með hafnarboltakylfu. Þá bar vitnið að ákærði Z hefði staðið yfir E á meðan ákærði X klippti af honum fingurinn.

Í ákæru er ákærða Z gefið að sök að hafa slegið E með hafnarboltakylfu í hnakkann og sparka ítrekað í hann liggjandi með þeim afleiðingum að hann hafi hlotið mar á brjóstakassa og framhandlegg. Af framburði vitna og áverkum E má ráða að ákærði Z hafi barið E í bakið með hafnarboltakylfu og sparkað í hann liggjandi á gólfinu og með því veitt honum þá áverka er í ákæru er lýst. Ónákvæmni í ákæru um hvar högginn með hafnarboltakylfunni lentu á E stendur því ekki í vegi að ákærði Z verði sakfelldur fyrir framangreindan verknað.

Ákærði X bar fyrir lögreglu að meðákærði Z hefði rétt honum töng þá er hann notaði til að klippa fingurinn af E. Framburð þennan staðfesti hann fyrir dómi þann 12. júní 2006.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið þ.á.m. framburðum ákærða X og vitnanna D og C þykir ekki leika vafi á að ákærðu X og Z hafi í sameiningu tekið ákvörðun

um að ganga í skrokk E og unnið saman að því að fá hann heim til C í því skyni og síðan í sameiningu unnið að þeirri atburðarás sem lýst er í ákæru.

Varða brot ákærðu samkvæmt þessum lið ákærunnar við þau lagaákvæði er í ákæru greinir.

#### **IV. Mál höfðað með ákæru lögreglustjórans á Akureyri, 2. janúar 2007.**

##### **1. Málavextir.**

Samkvæmt rannsóknargögnum var aðstoðar lögreglu óskað á slysadeild FSA aðfaranótt 28. ágúst 2005. Hafði F leitað þangað vegna líkamsárásar. Kvaðst hann hafa lent í rifrildi við mann frá Grímsey í röð fyrir utan veitingastaðinn Café Amour. Skyndilega hefði ákærði kýlt sig eitt högg í andlitið og hann því flúið inn á staðinn. Þaðan hafi hann tekið leigubíl á slysadeild FSA. Nefndi brotápoli nokkur vitni að atburðinum.

##### **2. Framburður ákærða og vitna.**

Ákærði kveðst hafa verið fyrir utan Café Amour umrætt kvöld. Þar hafi verið margt drukkið fólk og einhverjir hafi ætlað að lemja sig og slagsmál hafi brotist út. Ákærði kveðst hafa þurft að verjast árásum og óvart slegið brotáþola, F. Það hafi verið óviljaverk og hann hafi bætt F tannlæknakostnað sem af þessu hlaust. Ákærði kveður F hafa skýrt sér frá því að hann hefði slegið hann. Ákærði kveðst ekki hafa munað eftir því en ekki efast um að það væri rétt.

Vitnið Ö kveðst hafa verið í brúðkaupi og eftir það farið í bæinn ásamt vini sínum, Á. Þau hafi farið þangað í bifreið og þegar þau hafi stigið út hafi þau séð slagsmál. Þau hafi gengið í átt þangað og allt í einu hafi komið hnefi í andlit Á. Um hópslagsmál hafi verið að ræða og þau hafi ekki séð hver sló hann en hafi þó sýnst það vera ákærði X. F hafi komið til þeirra en svo farið að hópnum og ætlað að athuga hvað hafi komið fyrir Á. Hann hafi komið blóðugur til baka og sagt að ákærði X hefði slegið sig. Aðspurt kveður vitnið líklega 8-12 manns verið í hópnum þar sem slagsmálin voru, vitnið viti þó ekki hve margir voru beinlínis að slást. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa hitt ákærða X eða séð hann þarna. Vitnið kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið Á kveðst hafa verið að koma úr brúðkaupsveislu hjá systur sinni og farið í bæinn á eftir. Þegar þau hafi stigið út úr bifreiðinni niðri í bæ hafi fólk í hóp verið að rífast fyrir utan Café Amour. Hann hafi farið þangað til að athuga hvað væri um að vera. Hann hafi rætt við ákærða X sem hann hafi ekki þekkt. Þeir hafi eitthvað verið að þræta. Vitnið hafi svo litið til hliðar og skyndilega verið kýldur. Vitnið hafi ekki séð hver kýldi hann en verið sagt að það hafi verið ákærði X. Aðspurt kveður vitnið það geta verið rétt, sem fram kemur í lögregluskýrslu vitnisins, að ákærði X hafi sagt: „Það ræður enginn við mig hérna í bænum.“ Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa hlotið mikla áverka af högginu og ekki þótt þetta alvarlegt. Örlítið hafi blætt úr kinninni. Aðspurt kveðst vitnið hafa frétt síðar að F hafi verið laminn.

Vitnið telji að F hafi bara farið heim þegar það gerðist. Vitnið kveður það geta verið rétt að um 8-12 manns hafi getað verið í hópnum. Aðspurt kveðst vitnið hafa verið undir miklum áfengisáhrifum í umrætt sinn. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa sagt við vini sína: „Lemjum hann, lemjum hann.“

Vitnið É kveðst hafa verið í bænum með nokkrum strákum. Eitthvað vesen hafi verið fyrir utan skemmtistaðinn Ali, við hlið Café Amour. Á og F hafi farið og ætlað að stoppa þetta. Vitnið hafi svo ekki séð meira en einhver hafi komið inn í þvöguna og svo hafi vitnið séð F liggja í götunni. Vitnið kveðst hafa séð einhvern kýla F en hafi ekki þekkt þann sem gerði það. Vitnið kveðst ekki þekkja ákærða X, aðeins þekkja nafn hans. Hann segir það ekki rétt sem fram kemur í lögregluskýrslu að hann hafi séð ákærða X kýla F, honum hafi verið sagt eftir á að það hafi verið hann. Vitnið kveðst ekkert geta sagt til um hvort sá sem kýldi hann hafi gert það af ásetningi, vitnið hafi verið ölvað og séð þetta illa.

Vitnið F kveðst hafa verið að koma úr göngugötunni að Café Amour. Þar hafi félagi hans verið í einhverjum ryskingum við yngri strák, vitnið hafi tekið eitthvað í strákinn og þá fengið högg í andlitið. Hann hafi ekki séð hver lamdi hann en honum hafi verið sagt að það hafi verið ákærði X. Aðspurt segir vitnið það ekki rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu að hann hafi séð ákærða X gefa sér högg í andlitið, honum hafi aðeins verið sagt það. Aðspurt kveðst vitnið hafa verið með Á, É og Ö þetta kvöld og eitthvert þeirra hafa sagt honum að þetta hafi verið ákærði X. Vitnið er upplýst um að þau hafi öll komið á undan vitninu og sagt það sama, þ.e. að þau hafi ekki séð ákærða X slá vitnið en hafi verið sagt það. Kveðst vitnið ekki vita hvaðan upplýsingarnar um það komu. Undir vitnið eru borin ummæli höfð eftir vitninu í frumskýrslu, þess efnis að hann hafi lent í rifrildi í röðinni við mann sem hann hafi ekki þekkt. Sá hafi verið lítill, líklega Grímseyingur og hefði verið þarna með X. X hefði ekki skipt sér af rifrildinu fyrr en hann hefði skyndilega tekið sig til og kýlt vitnið eitt högg í andlitið með þeim afleiðingum að hann hefði fallið niður á hnén. Aðspurt heldur vitnið sig fast við það að hann hafi ekki séð ákærða X slá sig en kveðst þó ekki hafa sagt ranglega frá hjá lögreglu. Vitnið kveður ákærða X hafa komið til sín síðar og boðið vitninu bætur vegna tannviðgerða og hann hafi greitt þær. Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa mikla trú á að um slys hafi verið að ræða þegar hann var kýldur. Aðspurt um hvort aðrir hafi verið lamdir þarna kveður vitnið Á hafa verið eitthvað í ryskingum við áðurnefndan Grímseying.

### 3. Niðurstaða.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum viðurkennt að hafa slegið F í greint sinn svo sem greinir í ákæru með þeim afleiðingum sem þar er lýst en segir að um hafi verið að ræða óviljaverk sem hann hafi bætt F. Vitnið F staðfestir að ákærði hafi komið til sín og greitt sér bætur vegna áverkans.

Ekkert þeirra vitna sem komu fyrir dóminn telur sig hafa séð ákærða slá F í greint sinn en hafa heyrt að svo hefði verið án þess að upplýsa það frekar. Af framburði ákærða og vitna má ráða að einhvers konar hópslagsmál hafi verið í gangi er atburðurinn gerðist og erfitt að greina hver sló hvern. Að svo vöxnu máli hefur staðhæfingu ákærða um að hann hafi óvart veitt F áverkana ekki verið hnekkt og

verður hann því sýknaður af þessari ákæru.

## V. Ákvörðun refsingar.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði X, frá því á árinu 1999 þegar hann var 17 ára gamall, þrettán sinnum verið dæmdur til refsingar fyrir brot á hegningarlögum, umferðarlögum, fíkniefnalöggjöfnni og vopnalögum. Hér verða raktir þeir fangelsisdómar sem hann hefur hlotið. Ákærði var fyrst dæmdur til fangelsisrefsingar þann 29. október 1999, en þá var hann dæmdur í 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir líkamsárás, fölsun, þjófnað og eignaspjöll. Þann 22. nóvember 2001 var hann dæmdur í 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað og nytjastuld og var þá dómurinn frá 29. október 1999 tekinn upp og dæmdur með. Þann 5. júní 2002 var hann dæmdur í 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað og umferðarlagabrot og var þá dómurinn frá 22. nóvember 2001 tekinn upp og dæmdur með. Þann 29. október 2003 var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir ölvunarakstur og þann 1. júlí 2004 var ákærði dæmdur í 4 mánaða fangelsi fyrir tvær líkamsárásir. Þá var ákærði dæmdur í 18 mánaða fangelsi þann 2. mars 2006 fyrir tvær líkamsárásir, hótanir, fíkniefnalagabrot, umferðarlagabrot og brot á vopnalögum.

Brot samkvæmt ákæru lögreglustjórans á Akureyri, útgefinni 6. nóvember 2006 framdi ákærði þann 18. febrúar 2006, áður en síðastgreindur dómur var upp kveðinn, og ber vegna þess brots að líta til ákvæða 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Önnur brot sem ákærði er nú sakfelldur fyrir framdi hann eftir uppkvaðningu síðasta dómsins og hafa fyrri dómar frá 1. júlí 2004 og 2. mars 2006, vegna ofbeldisbrota, ítrekunaráhrif nú, sbr. 71. gr. og 1. mgr. 218. gr. a. hegningarlaganna. Í máli þessu er ákærði fundinn sekur um ofbeldisbrot gegn fimm manneskjum. Varða tvö brotanna við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, tvö við 1. mgr. 218. gr. laganna og eitt þeirra við 2. mgr. 218. gr.

Við ákvörðun refsingar má líta til þess að ákærði viðurkenndi alvarlegustu brot sín, samkvæmt ákæru ríkissaksóknara, og við aðalmeðferð málsins samþykkti hann framkomnar bótakröfur. Óljóst er um aðdraganda að árás ákærða að Þórarni Pétri en að minnsta kosti er ljóst að önnur brot hans framdi hann algerlega að tilefnislausu. Brot ákærða sem lýst er í ákæru ríkissaksóknara voru alvarleg og hrottafengin og ber aðdragandi og framkvæmd þeirra vott um einbeittan brotavilja. Þá verður litið til þess að brot gegn E frömdu ákærðu X og Z í sameiningu, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Að framangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 27. maí til 12. júní 2006.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði Z níu sinnum verið dæmdur til refsingar fyrir brot á almennum hegningarlögum, fíkniefnalöggjöfnni, vopnalögum og áfengislögum. Hann var fyrst dæmdur í fangelsi 17. mars 1998 þegar hann var 17 ára gamall. Var hann þá dæmdur í 15 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað, gripdeild og rán. Þann 29. desember 1998 var hann dæmdur í 16

mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað og var þá dómurinn frá 17. mars 1998 tekinn upp og dæmdur með. Þann 24. nóvember 2003 var ákærði dæmdur til greiðslu sektar fyrir líkamsárás og þann 20. janúar 2005 var hann dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás og brot gegn valdstjórninni. Þá var ákærði dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, og til greiðslu sektar fyrir þjófnað og hylmingu þann 25. febrúar 2005. Síðast var ákærði dæmdur til greiðslu sektar fyrir fíkniefnalagabrot þann 26. apríl 2006.

Þau brot sem ákærði er nú dæmdur fyrir framdi hann þann 25. maí 2006 og hafa dómar vegna ofbeldisbrota frá 24. nóvember 2003 og 20. janúar 2005 ítrekunarhrif nú, sbr. 71. gr. og 1. mgr. 218. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði og meðákærði X stóðu saman að árás á E og verður því litið til 2. mgr. 70. gr. hegningarlaganna við ákvörðun refsingar. Var atlega þeirra að honum alvarleg og hrottafengin og ber aðdragandi að henni vott um einbeittan brotavilja. Að framangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 27. maí til 2. júní 2006.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins var ákærði Y dæmdur í 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir þjófnað og fíkniefnalagabrot þann 14. maí 2004 en hann var þá 18 ára. Hann var þrisvar dæmdur til greiðslu sektar fyrir fíkniefnalagabrot á árinu 2005. Þann 19. júní 2006 var hann dæmdur í fangelsi í 1 ár fyrir fíkniefnalagabrot og var þá dómurinn frá 14. maí 2004 tekinn upp og dæmdur með. Brot það sem ákærði er nú dæmdur fyrir framdi hann fyrir uppkvaðningu dómsins þann 19. júní 2006. Við ákvörðun refsingar ákærða verður því að taka mið af ákvæði 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dæma ákærða hegningarauka sem samsvari þeirri þynging hegningarinnar sem kynni að hafa orðið ef dæmt hefði verið um öll brotin í fyrra málinu. Ákærði var þá dæmdur í fangelsi í 1 ár og verður að telja að hann hefði ekki hlotið þyngri refsingu þótt hann hefði verið dæmdur fyrir þetta brot samhliða framangreindu broti á fíkniefnalöggjöfinni. Verður ákærða samkvæmt því ekki gerð sérstök refsing nú.

## VI. Bótakröfur.

Í málinu gerir E kröfu um skaðabætur að fjárhæð kr. 1.090.316,- auk dráttarvaxta frá 4. ágúst 2006 til greiðsludags. Krafan sundurliðast þannig:

Miskabætur	kr.	1.000.000,-
Útlagður kostnaður	kr.	40.316,-
Lögmannskostnaður	<u>kr.</u>	<u>50.000,-</u>
Alls	kr.	1.090.316,-

Samkvæmt ofangreindri niðurstöðu um sekt ákærðu X og Z bera þeir, in solidum, skaðabótaábyrgð á því tjóni E sem rekja má til hinnar refsiverðu háttsemi. Við aðalmeðferð málsins samþykkti ákærði X framkomnar bótakröfur en ákærði Z

krafðist hins vegar sýknu eða lækkunar. Samkvæmt 45. gr. laga nr. 91/1991 er yfirlýsing aðila, sem er gefin fyrir dómi og felur í sér ráðstöfun á sakarefni, bindandi fyrir hann eftir reglum um gildi loforða ef hann hefur forræði á því. Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 skulu samaðilar bundnir við þá kröfu eða yfirlýsingu sem er gagnaðila hagkvæmust séu kröfur þeirra eða yfirlýsingar ósamrýmanlegar. Samkvæmt því eru kröfur E á hendur ákærðu X og Z teknar til greina að fullu.

D krefst skaðabóta að fjárhæð kr. 463.114,- ásamt dráttarvöxtum frá 4. ágúst 2006 til greiðsludags. Sundurliðast krafa hans þannig:

Miskabætur	kr.	400.000,-
Útlagður kostnaður	kr.	13.114,-
Lögmannskostnaður	<u>kr.</u>	<u>50.000,-</u>
Alls	kr.	436.114,-

Við aðalmeðferð málsins samþykkti ákærði X bótakröfuna og ber samkvæmt því að dæma hann til greiðslu hennar að fullu.

C gerir kröfu um greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 474.964,- ásamt dráttarvöxtum frá 4. ágúst 2006 til greiðsludags og sundurliðast krafa hans þannig:

Miskabætur	kr.	400.000,-
Útlagður kostnaður	kr.	24.964,-
Lögmannskostnaður	<u>kr.</u>	<u>50.000,-</u>
Alls	kr.	474.964,-

Við aðalmeðferð málsins samþykkti ákærði X bótakröfuna og ber samkvæmt því að dæma hann til greiðslu hennar að fullu.

## VII. Sakarkostnaður

Dæma ber ákærða X til að greiða skipuðum verjanda sínum, Sigmundi Guðmundssyni hdl., kr. 780.000,- í málsvarnarlaun, þ.m.t. kr. 363.602,- fyrir verjandastörf á rannsóknarstigi sem hann hefur þegar fengið greiddar.

Dæma ber ákærða Z til að greiða skipuðum verjanda sínum, Arnari Sigfússyni hdl., kr. 450.000,- í málsvarnarlaun, þ.m.t. kr. 134.460,- fyrir verjandastörf á rannsóknarstigi sem hann hefur þegar fengið greiddar.

Dæma ber ákærða Y til að greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmar Baldurssyni hdl. kr. 310.000,- í málsvarnarlaun auk útlagðs kostnaðar verjandans, kr. 51.610,- sem hann hefur fengið greiddan.

Sakarkostnaður ákærða Þ greiðist úr ríkissjóði þá.m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Bjarna Lárussonar hdl., kr. 450.000,-. Er þar með taldar kr. 140.063,- vegna verjandastarfa á rannsóknarstigi sem hann hefur þegar fengið greiddar.

Virðisaukaskattur er innifalinn í tildæmdum málsvarnarlaunum.

Annar sakarkostnaður samkvæmt sakarkostnaðaryfirlitum er vegna læknisvottorðs A, kr. 7.500,- sem ákærði X verður dæmdur til að greiða. Verður hann einnig dæmdur til greiðslu kostnaðar vegna læknisvottorða D, kr. 12.500,- og C, kr. 10.000,-. Að auki verður ákærði X dæmdur til greiðslu kostnaðar vegna geðskoðunar, kr. 243.428,-. Ákærðu X og Y verða dæmdir til greiðslu kostnaðar af læknisvottorði B, kr. 15.000,- in solidum. X og Z ber að dæma til að greiða in solidum kr. 17.500,- vegna læknisvottorðs E. Að auki ber að dæma ákærða Z til að greiða kr. 33.615,- vegna þóknunar verjanda á rannsóknarstigi sem þegar hefur verið greidd. Þá ber að dæma ákærða Y til að greiða kr. 33.615,- vegna þóknunar verjanda við upphaf dómsmeðferðar sem þegar hefur verið greidd. Sakarkostnaður vegna máls samkvæmt ákæru lögreglustjórans á Akureyri, útgefinni 2. janúar 2007, kr. 25.887,-, greiðist úr ríkissjóði.

Í yfirliti um sakarkostnað vegna máls samkvæmt ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 6. desember 2006, er talinn til kostnaður vegna töku blóðsýna o.fl. að fjárhæð kr. 37.500,- og vegna matsgerða að fjárhæð kr. 390.972,-. Er þessi kostnaður til kominn vegna rannsóknar á magni áfengis og fíkniefna í blóði ákærðu. Ekki verður séð að þessi kostnaður hafi verið óhjákvæmilegur vegna rannsóknar málsins, sbr. 1. mgr. 164. gr. laga nr. 19/1991 og verða ákærðu því ekki dæmdir til greiðslu þess kostnaðar.

Nánari samantekt sakarkostnaðar greinir í dómsorði.

Töf á uppkvaðningu dóms þessa stafar af önnum dómarans.

Dóminn kveður upp Freyr Ófeigsson, dómstjóri.

## **D Ó M S O R Ð**

Ákærði X sæti fangelsi í fjögur ár. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 27. maí til 12. júní 2006 kemur til frádráttar refsingunni.

Ákærði Z sæti fangelsi í tvö ár. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 27. maí til 2. júní 2006 kemur til frádráttar refsingunni.

Ákærða Y er ekki gerð sérstök refsing.

Ákærði Þ er sýkn af kröfum ákærvaldsins.

Ákærðu X og Z greiði E kr. 1.090.316,- ásamt dráttarvöxtum frá 4. ágúst 2006 til greiðsludags, in solidum.

Ákærði X greiði D kr. 463.114,- ásamt dráttarvöxtum frá 4. ágúst 2006 til greiðsludags.

Ákærði X greiði C kr. 474.964,- ásamt dráttarvöxtum frá 4. ágúst 2006 til greiðsludags.

Ákærði C greiði kr. 1.053.428,- í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Guðmundssonar hdl., kr. 780.000,-.

Ákærði Z greiði kr. 483.615,- í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Sigfússonar hdl., kr. 450.000,-.

Ákærði Y greiði kr. 395.225,- í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Hilmars Baldurssonar hdl., kr. 310.000,-.

Ákærðu X og Z greiði sakarkostnað kr. 17.500,- in solidum.

Ákærðu X og Y greiði sakarkostnað kr. 15.000,- in solidum.

Sakarkostnaður ákærða Þ greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Bjarna Lárussonar hdl., kr. 450.000,-.

Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.